



Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 19. nóvember 2013
1311003 IE

Efni: Umsögn um 97. mál, þált. um veitingu rekstrarleyfa fyrir veitingastaði.

Með tölvubréfi 31. október 2013 óskaði allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis eftir umsögn Jafnréttisstofu um þingsályktunartillögu um veitingu rekstrarleyfa fyrir veitingastaði, 97. mál, þskj. 100, lþ. 143.

Jafnréttisstofa tekur undir þingsályktunartillöguna og telur að það sé ástæða til að endurskoða lög og stjórnvaldsfyrirmæli sem snúa að veitingu rekstrarleyfa fyrir veitingastaði, í þeim tilgangi sem gerð er grein fyrir í þált. og greinargerðinni sem henni fylgir.

Eftir því sem fram hefur komið í fréttum undanfarið virðist vera full ástæða til að endurskoða gildandi lög og reglur varðandi veitingu rekstrarleyfi. Sjá til dæmis frétt RÚV frá 26. október 2013, en hún bar yfirskriftina "Fimm í varðhald og Strawberries lokað". <http://www.ruv.is/frett/fimm-i-vardhald-og-strawberries-lokad> Þessi frétt var um það að fimm manns hefðu verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald, en þeir voru starfsmenn og eigandi skemmtistaðarins "Strawberries" í Reykjavík. Skv. fréttinni voru mennirnir grunaðir um að hafa haft milligöngu um vændi. Þann 16. nóvember 2013 birtist svo frétt hjá RÚV um að lögreglan hafi lokað VIP Club við Austurstræti vegna gruns um að þar hafið verið höfð milliganga um vændi. <http://ruv.is/frett/logreglan-lokar-vip-club-vid-austurstraeti>

Jafnréttisstofa telur rétt að samþykkja þingsályktunartillöguna.

Sé frekari upplýsinga óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaða.

Virðingarfyllst,

Ingibjörg Elíasdóttir
lögfræðingur